



Verklag grunnskóla á grunni takmarkana skólastarfs vegna farsóttar

Hér fyrir neðan má sjá verklag til viðmiðunar í grunnskólum Suðurnesjabæjar sem byggir á [auglýsingu stjórnvalda](#) frá 13. mars sl. sem finna má hér:

<https://www.stjornarradid.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=23a0ee4d-6537-11ea-945f-005056bc4d74>

Umfang grunnskólastarfs

- Grunnskólar munu starfa með breyttum hætti, áætlað er að nemendur mæti hvern dag en skóladagur verður skertur. Hægt er að sjá útfærslu skólana á vefsíðum þeirra www.gerdaskoli.is og www.sandgerdisskoli.is.
- Starfsfólk leitast við að vinna með nemendum í litlum hópum.
- Leitast verður við að nýta allt húsnæði grunnskólans til að dreifa úr hópum eins og kostur er og passað að aldrei séu fleiri en 20 saman í rými.
- Nemendur munu mæta á mismunandi tímum til að ekki séu of margir að koma á sama tíma.
- Mismunandi inngangar eru fyrir bekkjardeildir. Foreldrar verða að skilja við börn sín fyrir utan skólann. Ekki er æskilegt að neinn utanaðkomandi komi inn í skólana.
- Íþróttir og sund munu falla niður en leitast við að fá hreyfingu utan dyra.
- Bókasafn verður lokað.
- Verkgreinastofur verða lokaðar.
- Skólasel opið frá 11:00 - 14:00, fyrir 1. og 2. bekk.
- Komi til mikillar mannfæðar gæti þurft að fella niður kennslu.